

Forsendur útreikninga á akstursgjaldi og dagpeningum ríkisstarfsmanna

Inngangur

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir verkefnum ferðakostnaðarnefndar, starfsháttum hennar og forsendum ákvarðana akstursgjalds og dagpeninga, innanlands sem utan eins og þeim er nú háttað.

Ferðakostnaðarnefnd var fyrst skipuð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga aðildarfélaga BSRB og BHMR við ríkið árið 1974. Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af BSRB, annar af BHMR og tveir fulltrúar tilnefndir af fjármálaráðherra. Nefndin er í eðli sínu samninganefnd og komi til ágreinings skipar Hagstofa Íslands oddamann. Til þess hefur reyndar aldrei komið.

Verkefni nefndarinnar er að ákvarða akstursgjald vegna aksturs ríkisstarfsmanna á eigin bifreiðum á vegum ríkisstofnana og dagpeninga vegna ferða almennra ríkisstarfsmanna innanlands sem utan. Um dagpeninga æðstu embættismanna og ráðherra gilda hins vegar sérstakar reglur sem ferðakostnaðarnefnd fjallar ekki um.

Nefndin skoðar forsendur akstursgjalds og dagpeninga að jafnaði ársfjórðungslega eða oftar, ef þörf krefur. Í framkvæmd breytast þó fjárhæðirnar sjaldnar. Þannig breytast dagpeningar erlendis yfirleitt einu sinni á ári, í júní. Dagpeningar innanlands breytast alla jafna tvisvar á ári, í júní og október. Akstursgjaldið hefur upp á síðkastið breyst tvisvar til þrisvar á ári, en breyttist áður fyrr mun oftar enda verðbreytingar þá miklu meiri.

1. Akstursgjald

Akstursgjald skiptist í almennt gjald, sérstakt gjald og torfærugjald. Almenna gjaldið á við akstur á malbikuðum vegum innanbæjar og utan. Sérstaka gjaldið á við akstur á malarvegum utanbæjar. Torfærugjaldið miðast hins vegar við akstur við sérstaklega erfiðar aðstæður, gjarnan utan vega og einungis jeppafært.

Akstursgjaldinu er skipt í þrjá flokka og fer gjaldið lækkandi eftir því sem meira er ekið. Gjaldið er hæst fyrir akstur upp að 10.000 kílómetrum, nokkru lægra á 10.000-20.000 kílómetra bilinu og lægst fyrir akstur umfram 20.000 kílómetra á ári.

Við útreikning akstursgjalds hefur til þessa verið stuðst við ákveðinn grunn sem ferðakostnaðarnefnd ákvað. Á grundvelli hans var reiknaður út rekstrarkostnaður bifreiðar á heilu ári miðað við 15.000 kílómetra akstur og síðan meðalkostnaður á hvern kílómetra, sem gjaldið tók mið af. Grunnur akstursgjaldsins skiptist í fastan kostnað og breytilegan kostnað. Í föstum kostnaði voru afskriftir, skoðunargjald, bifreiðagjald, ábyrgðartrygging og húftrygging, en í breytilegum kostnaði bensín, smurning og olía, hjólbarðar, varahlutir og viðgerðir. Grunnurinn hefur verið þrískiptur, þ.e. milli almenna gjaldsins, sérstaka gjaldsins og torfærugjaldsins.

Lengst af var verðupplýsinga aflað beint frá söluaðilum. Síðan var farið inn á þá braut að framreikna grunnupphæðirnar með verðbreytingum einstakra kostnaðarliða samkvæmt upplýsingum um rekstrarkostnað bifreiða í framfærsluvísitölu (nú neysluverðsvísitölu) Hagstofu Íslands, þegar hún tók að safna verðupplýsingum mánaðarlega.

Ferðakostnaðarnefnd hefur nú endurskoðað grunn þessara útreikninga. Jafnframt hefur verið ákveðið að breytingar á rekstrarkostnaði – og þar með akstursgjaldinu – taki alfarið mið af grunni Hagstofunnar enda er hann uppfærður og endurskoðaður með reglubundnum hætti og gefur því glögga mynd af þróun rekstrarkostnaðar bifreiða. Eftir sem áður er gengið út frá þrískiptum grunni. Afskriftir fyrir almenna og sérstaka gjaldið taka mið af meðalbílverði samkvæmt upplýsingum Hagstofu, en í torfærugjaldi er miðað við meðalverð jeppabifreiða, án tillits til viðbótarkostnaðar vegna breytinga og aukabúnaðar.

2. Dagpeningar innanlands

Dagpeningar innanlands ná til kostnaðar vegna gistingar og fæðis. Gistikostnaður miðast við verð á einsmannsherbergi með eða án baðs og er tekið tillit til fjölda herbergja á hverjum stað með og án baðs. Í grunninum eru hótél víðs vegar um landið. Á sumrin er jafnframt tekið tillit til verðs á einsmannsherbergi á Eddu-hótelum.

Í fæðiskostnaði er reiknað með morgunverði, hádegisverði, eftirmiðdagskaffi og kvöldverði. Kostnaður við morgunmat miðast við meðalverð á þeim hótélum sem eru í grunninum. Verð á hádegis- og kvöldverði tekur mið af meðalverði samkvæmt tilboðsverði Sambands veitinga- og gistihúsa sem er í boði á fjölmörgum veitinga- og gistihúsum víðs vegar um landið.

3. Dagpeningar vegna ferðalaga erlendis

Dagpeningar vegna ferðalaga erlendis ná til alls almenns ferðakostnaðar annars en fargjalda, þ.e. kostnaðar vegna ferða að og frá flugvöllum, ferðakostnaðar innan þess svæðis sem dvalið er á, gistingar, fæðis, minni háttar risnu og hvers kyns persónulegra útgjalda.

Við útreikning á dagpeningum er annars vegar byggt á athugun á gistiverði á fjölmörgum hótelum í tilteknum löndum og hins vegar á framreikningi annars kostnaðar (fæðis o.fl.) miðað við verðbreytingar í viðkomandi löndum. Í grunninum eru einkum Evrópulönd og Bandaríkin auk þess sem aflað er upplýsinga frá Asíulöndum, Rússlandi og ýmsum löndum Austur-Evrópu.

Gistiverð miðast við verð á einsmannsherbergi með baði ásamt morgunmat. Aflað er upplýsinga um gistiverð frá Flugleiðum, ferðaskrifstofum, hótelum og víðar. Að nokkru leyti er miðað við sömu hótél ár eftir ár þótt ný bætist við og önnur falli út eftir atvikum. Miðað er við hótél í mismunandi verðflokkum og reiknað út meðalverð í hverju landi og fyrir löndin í heild.

Þegar almennir dagpeningar liggja fyrir eru reiknaðir út dagpeningar vegna náms- þjálfunar- og eftirlitsstarfa, en þeir eru taldir nema 65% af almennum dagpeningum.

Ferðakostnaðarnefnd hefur auk þess sett ákveðnar reglur um greiðslu dagpeninga erlendis sem birtar eru í sérstöku umburðarbréfi.